

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í septembermánuði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í septembermánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: | Innborgun 2.0% |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 2.0% |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. ágúst 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 245/1991, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald - bensíngjald - af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 21,35 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 23,35 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þann 1. september 1991.

Fjármálaráðuneytið, 28. ágúst 1991.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.